

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 17. febrúar 2005 samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi í Fjarðabyggð.

1. Bakkagerði 1, íbúðarsvæði á Reyðarfirði.

Breytingin felst í breyttum lóðarmörkum, byggingarreitum, húsagerðum og nýtingarhlutfalli á lóðunum nr. 10, 11, 12, 14, 16, 18 og 20 við Bakkagerði og 11 og 13 við Vallargerði.

2. Hraun 1. Svæði fyrir orkufrekan iðnað, hafnarsvæði og tengdan þjónustuiðnað.

Breytingar felast í fjölgun lóða fyrir þjónustuiðnað og hafnartengda starfsemi, stækkun hafnarfyllingar og flutningi bryggjuþils til vesturs. Þá er aðkoma raflína að álverslód flutt til norðurs.

Uppdrættir ásamt nýjum skipulags- og byggingarskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldir eldri uppdættir og skilmálar með þeim.

Fjarðabyggð, 4. janúar 2005.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,
Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.